

Ed.

94. Nefndarálit

[33. mál]

um frv. til 1. um málefni Flugleiða hf.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur haldið marga fundi um málið og rætt við stjórnendur Flugleiða og fulltrúa eftirtalinna starfsmannafélaga: Félags isl. atvinnuflugmanna, Félags Loftleiðaflugmanna, Flugfreyjufélags Íslands, Félags flugvirkja og Starfsmannafélags Flugleiða. Enn fremur komu á fund nefndarinnar eftirlitsmenn ríkisstjórnarinnar, Birgir Guðjónsson og Baldur Óskarsson, ásamt starfsmanni Ríkisendurskoðunar, Rúnari Jóhannssyni. Samgönguráðherra, Steingrímur Hermannsson, sótti tvo fundi nefndarinnar og nefndarmenn áttu viðræður við hann og fjármálaráðherra, Ragnar Arnalds, um framkvæmd 5. gr. frumvarpsins. Formaður nefndarinnar átti einnig viðræður við bankastjóra Landsbankans og stjórnarformann Flugleiða hf.

Á fundum nefndarinnar og í framangreindum viðræðum komu fram fjölmargar upplýsingar og nefndinni voru látin í té ítarleg gögn um fjárhagsstöðu og rekstraráætlanir fyrirtækisins.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt á þeim grundvelli, að 5. gr. frumvarpsins verði framkvæmd á eftirfarandi hátt:

1. Aukning hlutafjár ríkisins í 20% verði komin til framkvæmda fyrir næsta aðalfund.
2. Starfsfólki eða samtökum þess verði á sama tíma gefinn kostur á að eignast hlutafé fyrir a. m. k. 200 millj. kr. og þannig stuðlað að því, að sameiginlegt atkvæðamagn starfsfólks nægi til kjörs eins fulltrúa í stjórn.
3. Aðalfundur Flugleiða verði haldinn fyrir lok febrúar 1981 og kosin ný stjórn í samræmi við breytta hlutafjäreign, en framhaldsaðalfundur haldinn síðar, ef þörf krefur.
4. Starfsmannafélagi Arnarflugs verði gefinn kostur á að kaupa hlut Flugleiða í Arnarflugi.
5. Ársfjórðungslega verði ríkisstjórninni gefið yfirlit yfir þróun og horfur í rekstri Flugleiða.
6. Fram fari viðræður ríkisstjórnar og Flugleiða um nýjar reglur varðandi hlutafjäreign í fyrirtækinu, sem m. a. takmarki atkvæðisrétt einstaklinga og fyrirtækja, sem hlut eiga í Flugleiðum.
7. Norður-Atlantshafsfluginu verði haldið fjárhagslega aðskildu, eins og frekast er unnt.

Samgönguráðherra, Steingrímur Hermannsson, kynnti stjórn Flugleiða framan- greind efnisatriði, 1.—7., á stjórnarfundum fyrirtækisins 6. nóvember 1980.

Alþingi, 7. nóv. 1980.

Ólafur Ragnar Grímsson, Gunnar Thoroddsen, Vigfús B. Jónsson.
form., frsm.

Ey. Kon. Jónsson. Davíð Aðalsteinsson.